

Samþykktir Stafnbúa 2026-2027



Samþykktir Stafnbúa, félags auðlindafræðinema við Háskólann á Akureyri

I. Félagið og meðlimir

1. gr. Félagið heitir Stafnbúi og er félag nema í auðlindafræðum við Háskólann á Akureyri. Kennitala félagsins er 650590-2529 og lögheimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. gr. Markmið félagsins er

- a. Að gæta hagsmuna nemenda í auðlindafræðum og vera málsvari þeirra innan Háskólans og utan.
- b. Að efla fræðslu og auka kynni meðal nemenda deildarinnar.
- c. Að efla samskipti við aðrar innlendar og erlendar stofnanir er stunda rannsóknir og/eða kennslu á þeim sviðum er tengjast greininni.
- d. Að efla tengsl nemenda við auðlindatengd fyrirtæki og standa fyrir kynningu á auðlindafræðum þó einkum meðal fyrirtækja sem tengjast auðlindamálum til dæmis með útgáfu tímarits og viðgangi vefsíðu.
- e. Að standa fyrir ferðum, fræðslufundum og skemmtunum fyrir félagsmenn sína.

3. gr. Félagsmenn eru innritaðir nemendur við Háskólann á Akureyri, sem hafa greitt skrásetningargjald til skólans og skráð sig í Stafnbúa.

- a. Frestur til að skrá sig í félagið rennur út 15. september kl 23:59 ár hvert. Óski stúdent eftir því að skrá sig í félagið að þeim tíma liðnum getur sá aðili skráð sig í félagið hvenær sem er og skal hann þá greiða félagsgjald, ákvarðað af stúdentaráði ár hvert, til SHA.
- b. Hver félagi getur skráð sig úr félaginu ef hann kýs, hvort sem hann skiptir um deild eða af öðrum ástæðum.

II. Kosningaréttur og kjörgengi

4. gr. Kosningarétt hafa allir meðlimir félagsins. Kjörgengi til embætta hafa allir meðlimir félagsins, þó skulu þeir ekki sitja í framkvæmdastjórn SHA.

5. gr. Kosið skal til embætta með leynilegri atkvæðagreiðslu er fari fram á aðalfundi.

6. gr. Starfandi æðstaráð annist undirbúning kosninga.

7. gr. Falli atkvæði jafnt við kjör skal endurtaka kosningu milli viðkomandi frambjóðenda og falli atkvæði enn jafnt ræður atkvæði fráfarandi formanns. Sé aðeins einn frambjóðandi í kjöri skoðast hann sem sjálfkjörinn án leynilegrar kosningar.

8. gr. Á aðalfundi skal kjósa fulltrúa félags í eftirfarandi stöður:

- a. 1 fulltrúi félags í alþjóðanefnd SHA
- b. Amk 1 í viðburðarnefnd SHA.
- c. 1 fulltrúi félags í kynningarnefnd SHA

9. gr. Í náms- og matsnefnd skulu sitja tveir fulltrúar úr stjórn Stafnbúa, einn úr líftækni og einn úr sjávarútvegsfræði. Ef stjórn Stafnbúa inniheldur ekki meðlimi úr báðum námsleiðum er það að stjórn komið að finna fulltrúa innan félagsins til að sitja náms- og matsnefndarfundum.

III. Æðstaráðið

10. gr. Æðstaráð félagsins skal skipað forseta, varaforseta, fjármálastjóra, aðalritara, meðstjórnanda og nýnemafulltrúa. Nýnemafulltrúinn skal vera úr hópi nýnema á komandi hausti og skulu þeir sjá um kosningu hans innan fjögurra vikna frá upphafi haustannar.

11. gr. Meðlimir æðstaráðs

- a. Meðlimir æðstaráðsins skulu sitja æðstaráðsfundi sem fara með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda.
- b. Forseti boðar félags- og æðstaráðsfundi og stýrir þeim. Einnig skal yfirstjórn á daglegum rekstri vera í hans höndum. Forseti skal jafnframt vera fulltrúi félagsins á fræðasviðsfundum, á deildaráðsfundum, á deildarfundum og í stúdentaráði SHA.
- c. Varaforseti gegnir starfi forseta í hans fjarveru. Auk þess skal hann sjá um almenna kynningu námsins út á við og á starfsemi félagsins, ásamt því að vera tengiliður við erlenda nemendur félagsins ef ekki næst að manna fulltrúa alþjóðanefndar ásamt því að sitja í alþjóðanefnd.
- d. Fjármálastjóri skal annast dagleg fjármál félagsins í samvinnu við forseta.
- e. Aðalritari ritar allar fundargerðir og hefur yfirsýn yfir TEAMS rás stjórnar.
- f. Meðstjórnandi hefur almenna stjórnarsetu og er tengiliður æðstaráðs við fjarnema. Hann skal sjá um samfélagsmiðla félagsins og heimasíðu.
- g. Nýnemafulltrúi hefur almenna stjórnarsetu og er tengiliður æðstaráðs við 1. árs nema.

g. Æðstaráðinu er heimilt að kalla á sinn fund fulltrúa Stafnbúa í nefndum og ráðum. Fulltrúar þessir hafa ekki atkvæðisrétt á æðstaráðsfundum, en hafa þó málfrlsi og tillögurétt.

h. Fulltrúi úr líftækni og fulltrúi í sjávarútvegsfræði skulu sitja deildarfundum og deildarráðsfundi, einnig þarf að skipa tvo varafulltrúa, einn af hvorri námsleið.

12. gr. Verksvið æðstaráðs er að annast alla almenna stjórn félagsins. Æðstaráði er skylt að kynna jafnan öllum nýjum félögum starf og samþykktir félagsins.

13. gr. Verði meðlimur æðstaráðsins að hverfa frá störfum einhverra hluta vegna, skal boðaður félagsfundur við fyrsta tækifæri og nýr félagi kosinn í hans stað.

14. gr. Æðstaráð gefur sér rétt til að rukka félagsgjöld í félagið við skráningu.

IV. Félagsfundir

15. gr. Aðalfundur

a. Aðalfundur skal vera haldinn í seinni fjarnemaviku og skal hann vera auglýstur tveim vikum fyrir.

Aðalfundur skal vera haldinn í fjarnemaviku eftir áramót og skal dagsetning hans ákveðin árlega með hliðsjón af því að allar námsleiðir og allir árgangar séu í lotu á sama tíma.

Ef ekki er fjarnemavika þar sem allir hópar eru á sama tíma skal halda aðalfund í þeirri viku sem flestir eru og gera hann aðgengilegan á TEAMS.

Fundinn skal auglýsa á samfélagsmiðlum félagsins og einnig skal dagskrá aðalfundar koma fram í fundarboði og hvaða stöður verða til kosninga.

b. Tillögur um framboð og tilnefningar skulu berast æðstaráði minnst sólarhringsfyrirvara á netfang Stafnbúa fyrir aðalfund. Hafa ekki nægilega margar framboðsyfirlýsingar borist til að fullmanna megi embætti innan Stafnbúa sem tilgreind eru í samþykktum þessum og er þá heimilt að opna fyrir framboð á aðalfundi. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins skulu teknar fyrir á aðalfundi og hafa borist til æðstaráðs á netfang Stafnbúa með minnst fjögurra daga fyrirvara fyrir aðalfund. Samþykktabreytingar þurfa 2/3 fundarmanna að samþykkja til að öðlast gildi.

c. Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

16. gr. Dagskrá aðalfundar er:

a. Skipaður fundarstjóri er stýrir fundi og kosningum.

- b. Fundarstjóri skipar fundarritara
- c. Skýrsla fráfarandi æðstaráðs lesin upp.
- d. Reikningar lagðir fram.
- e. Breytingar á samþykktum félagsins.
- f. Kosning í æðstaráð og nefndir SHA.
- g. Kosning á fulltrúa í náms- og matsnefnd auðlindadeildar.
- h. Önnur mál.
- i. Nýkjörið æðstaráð tekur við störfum.

17. gr. Reikningar félagsins miðast við aðalfund SHA.

18. gr. Félagsfund ber að halda hvenær sem æðstaráð álitur nauðsynlegt. Þá skal halda fund ef fimm eða fleiri félagsmenn æskja þess. Fundinn skal boða með 5 daga fyrirvara.

V. Fjármál félagsins

19. gr. Fjármálastjóri skal hafa yfirumsjón með öllum fjármálum félagsins og gegnir Forseti því starfi í hans fjarveru. Fjármálastjóri og forseti skuli báðir og einir hafa prókúru á reikningum félagsins.

20. gr. Fjármálastjóri skal skila uppgjöri til SHA sé eftir því óskað.

21. gr. Fjármálastjóra er skylt að skila nýju æðstaráði löglegu bókhaldi á kynningarfundum með nýjum fjármálastjóra.

22. gr. Við aðalfund SHA skal lausafé félagsins vera að lágmarki 150.000 kr. Jafnframt skal lausafé félagsins eftir að skólaárinu lýkur vera að lágmarki 100.000 kr.

VII. Ýmislegt

24. gr. Stafnbúi fylgir í einu og öllu verkalagsreglum SHA.

25. gr. Samþykktir þessi öðlast þegar gildi og verður aðeins breytt á aðalfundi eða samþykktabreytingafundi. Gilda sömu samþykktir um boðun aðalfundar og samþykktabreytingarfundar

26. gr. Stangist samþykktarákvæði í samþykktum Stafnbúa á við samþykktir SHA skulu samþykktir SHA ráða. Gera skal viðeigandi samþykkttaurbætur á næsta aðalfundi eða boða til samþykktabreytingarfundar.

Verði samþykktum SHA breytt á þann veg að það hafi áhrif á starfsemi Stafnbúa skal stjórn Stafnbúa gera viðeigandi ráðstafanir til að mæta viðkomandi breytingum. Gera skal viðeigandi samþykkttaurbætur á næsta aðalfundi eða boða til samþykktabreytingarfundar.

Samþykkt á aðalfundi Stafnbúa

3. mars 2026

Undirskrifað af forseta félagsins